

# Sannleikann eða fegurðina

Sýning Daða, Helga og Kristins að Kjarvalsstöðum

Að Kjarvalsstöðum sýna nú þrjú listamenn saman í vestursalnum. Þeir eru Daði Guðbjörnsson, Helgi Þorgils Friðjónsson og Kristinn Guðbrandur Harðarson. Samanlagt sýna félagarnir 171 verk og eru það málverk að mestum hluta en einnig teikningar, vatnslitamyndir, pastelmyndir og höggmyndir. Það er ekki algengt að sýningar séu það stórar að þær innihaldi hátt á annað hundrað verka, síst af öllu sýningar í einum sal.

En eins og fram kom í viðtali við þremmingana, höfðu þeir upphaflega ætlað sér að taka allt húsið undir þessa sýningu, en urðu síðan af ýmsum ástæðum að þrengja sinn kost. Í sjálfu sér kemur þetta harla lítið niður á sjálfri sýningunni, öðru vísi en því að þeir þurftu að grísa framlag sitt og slíkt er ávallt nokkuð sársaukafullt, hafi menn fyrirfram ætlað sér að sýna ákveðið úrtak. Og fyrir vikið sitja myndirnar ansi þétt, í sumum tilfellum einum of þétt. Samt er aðáunartvert hvernig þeir félagar komast hjá öllum skakkaföllum í sambandi við upphengingu með því að nota einn, falskan vegg eftir salnum endilöngum.

Pegar á heildina er lítið, er sýning þeirra Daða, Helga og Kristins heilsteypt. Verk þeirra tala sínu máli, skýrt og umbúðalaust. Það er greinilegt að þeir vinna markvisst eftir þeim forsendum sem þeir gefa sér og fólgirnir eru í fagurfræðilegri útvíkkun málara-listarinnar. Þeir Daði, Helgi og Kristinn eru nokkurs konar landnámsmenn í leit að nýjum og lítt könnuðum stöðum, sem liggja



„An titils“ Helga Þorgils.

handan við landamæri víðurkenndrar fagurfræði. Þeir þekkja listasöguna nægilega vel til að skilja að hver nýbreytni innan listarinnar er sem blautur hanski rekinn framán í þá list sem fyrir er og að ekki þarf að spyrja að leikslökum. Einvígið milli hins gamla og nýja hefur aldrei endað nema á einn veg.

Raunar er það furðulegt hve fáir skilja þessa augljósu staðreynd, þótt hún sé hvarvetna skráð á spjöld listasögunnar. Ef til vill er erfitt að koma auga á hana ef horfið er langt aftur í tímann. En er líða tók á 19. öldina lá þessi staðreynd í augum uppi. Ef borin eru saman málverk eftir Bouguereau og Cézanne, dylst okkur ekki hver þeirra bjó yfir meiri þekkingu, tæknikunnáttu eða leikni. Eins og Braque sagði,

þá var Cézanne óborganlegur klunni, enda lítt skólaður og frekar fattlaus. En hvers vegna skyldum við þekkja verk hans



HALLDOR B. RUNÓLFSSON

svona miklu betur en hinar snjöllu myndir Bouguereaus? Jú, svarið er augljóst: Verk Bouguereaus tilheyrdi gamla tímanum, meðan verk Cézannes vísuðu fram á veg. Þar eð gamall sannleikur er tóm lygi þegar list er

annars vegar, hlaut hinn nýi sannleikur Cézannes að sigra þótt ekki þætti hann eins fagur og lygin hans Bouguereaus.

Annars var það Flaubert sem formúleraði þessi sannindi upp úr miðri síðustu öld. Blekið var vart þornað á handritinu af Madame Bovary þegar hann kvað upp úr um það, að héðan í frá væri það sannleikurinn en ekki fegurðin sem listin hefði að leiðarljósi. Og félagarnir að Kjarvalsstöðum eru ekki í minnsta vafa um að Flaubert hafi haft rétt fyrir sér.

Að vísu eru þeir Daði og Helgi sýnu meðvitaðri um þetta en Kristinn. A.m.k. hafa þeir fundið sína leið þótt ólíkt hafist þeir að. Daði gengur vísvitandi og ákveðið í berhöggi við eigin flinkheit og leyfir sjálfsprottum skreytilistareinkennum verka sinna sjaldn-


ast að draga sig uppi. Stundum teflir hann á tæpasta það hvað þetta varðar; bíður átekta en tekur svo á ráð þegar skrautgirnin er að því komin að hremma hann. Þessi eltingaleikur gefur verkum hans gildi og eykur óneitanlega spennu þeirra.

Helgi teflir hæfileikum sínum ekki í slíka tvísýnu. Hann vill hafa allt á þurru, enda er hann öruggastur og ákveðnastur þeirra féлага. Þótt hugmyndir hans séu sjálfsprottar og komi eins og af færbandi, fylgir hann þeim eftir af kostgæfni og natni, þannig að útkoman verður yfirveguð á næsta klassískan hátt. Þversögnin milli ólgandi ímyndunaraflls Helga og yfirvegaðrar og manerískrar útfærslu hans, gera verk hans bæði furðuleg og framandi.

Kristinn er sá í hópnum sem enn er óráðinn. Afneitun hans á ákveðnum stílbrigðum og leit hans úr málverki í höggmyndir; úr hlutbundnum veruleika yfir í óhlutbundinn, gera hann að vandræðabarni sem erfitt er að henda reiður á. Menn vita nokk hvar þeir hafa hina tvo, en Kristinn smýgur hvarvetna gegnum skilgreiningarnetið. Hann er til alls vís, utan það eitt að láta stimpla sig. Þrátt fyrir það leynir stefnufestan sér ekki þótt stundum sé djúpt á henni. Hún dúkkar upp fyrirvaralaust og slær þá áhorfandann gjörsamlega út af laginu.

Sýning þeirra Daða, Helga og Kristins krefst mikils af áhorfendum og er margslungin eins og verkin eru mörg. En hún er tvímælalaut yfirlegunnar virði.

HBR



Preytti krókóðillinn, eitt verka Angermans.

Nýlistasafnið

## Peter Angermann

Á föstudag hefst í nýlistasafninu sýning Peters Angermans og sýnir hann teikningar, vatnslitamyndir, silkiprent og olíumálverk.

Angermann er í hópi þekktari listamanna þýskra, einn frumkvöðla nýja málverksins svokallaða. Hann hélt einkasýningu í Nýlistasafninu fyrir tveimur árum og tók þátt í samsýningu safnsins á Listahátíð '82 (Thinking of the Europe). Hann er nú gestakennari við MHÍ.

Sýningin stendur til 11. maí.


Kvikmyndir

## Rislítill upprisa

Austurbæjarbíó Elskhugar Maríu Bandarísk Leikstjórn og handrit: Andrei Konchalovsky Aðalhlutverk: John Savage, Nastassia Kinski og Robert Mitchum

Austurbæjarbíó býður nú upp á eina af afurðum utangarðsmannanna Golan og Globus, sem Hollywood hefur átt mjög erfitt með að taka í sinn rann, það jafnvel þó þeir félagar hafi í litlu farið út fyrir hefðbundna framleiðslu draumaverksmiðjunnar. Það sem þeir í Holly virðast einkum eiga erfitt með að sætta sig við, er að þeir Cannonmenn eru utanaðkomandi; gerðu fyrst garðinn frægan í heimalandi sínu Ísrael með framleiðslu ódýrrar afþreyingarneysluvöru einkum fyrir unglínga, en byrjuðu svo upp á eigin spýtur að hasla sér völl í Mekka draumaiðnadarins, og á síðustu árum hafa þeir tekið upp á arma sína efnilega leikstjóra, einsog rússann Andrei Konchalovsky, sem aðrir framleiðendur í Bandaríkjunum hafa ekki þorað að veðja á. Einnig hafa þeir verið ótúlr við að vekja athygli á sjálfum sér og er þess skemmt að minnast að þeir skrifuðu undir samning við Godard á servétu á kvikmyndahátíðinni í Cannes, það var samningur um kvikmyndina Lér konungur, byggð á samnefndu leikriti Shakespeares. Enn sem komið er er sú kvikmynd bara til á servétu, hvað sem síðar gerist.

Einsog fyrr sagði er rússinn Andrei Konchalovsky einn þeirra manna sem Menahem Golan hefur tekið upp á arma sína eftir að hann hafði komið að lokuðum dyrum hjá öllum öðrum kvikmyndaframleiðendum í Bandaríkjunum, það þrátt fyrir að hann hafði getið sér mjög gott orð í heimalandi sínu og talinn



SIGURÐUR Á. FRÍÐÞJÓFSO

þar einn efnilegasti kvikmynda-leikstjóri Sovétríkjana.

Og hver er svo útkoman þegar rússinn og ísraelsmaðurinn sameinast um að gera kvikmynd á Bandarískri grund um andlega niðurbrotinn hermann, sem kemur heim úr fangabúðum Japana í stríðslok? Því miður þá er hún ekki nógu góð, þó margir finnr drættir séu í myndinni, einkum í ýmsum smáatriðum þar sem austantjalds húmanismi, sem Íslendingum ætti að vera að góðu kunnur úr kvikmyndum tékkans Milosar Formans, fær notið sín til fulls. Svipmyndir af allslags fólki sem segja mun meiri sögu um mannleg orlög en sviplíll leikur hinnar snoppufríðu Nastassíu.

Æskuástin hefur í huga hermannsins sem snéri heim orðið að helgimynd, sem orsakar það að þegar þau skötu hjú eru komin í eina sæng þá ris honum ekki hold. Slíkt skapar vissulega mikil sálræn vandamál og verða þau ekki rakin hér. Allt fer þó vel að lokum og piltungurinn getur brynnt fola sínum í réttum brunni.

Kvikmyndin hefst í svart hvítu og líður átakalaust yfir í lit er hermaðurinn stendur á umferðarmiðstöðinni í heimabæ sínum, þar sem íbúarnir virðast að miklum meirihluta ættaðir austan járntrjalds, enda er rétttrúnaðarkirkja í þænum. Konchalovsky er því að gera kvikmynd um sína landa þó þeir séu búsettir í Vesturheimi og einsog fyrr sagði tekst honum að draga upp trúverðuga mynd af lífinu í þessum bæ með svipmyndum af skemmtunum og vinnu fólksins. Undirritaður hefði óskað sér meira af því einkum þar sem myndavélinni er mjög faglega beitt við þessi skot og gullfalleg myndskeld gleðja augað með vissu millibili.

Það sem einkum vantar á er að sagan risti nógu djúpt og einnig það að hlutverk Maríu er í höndum Nastassíu Kinski og því miður veldur hún því ekki. John Savage sem hermaðurinn sleppur aftur á móti bærulega frá sínu. Þá má ekki gleyma Robert Mitchum í hlutverki föður hermannsins. Þessi ímynd karlmennskunnar verður bara karlmannlegri með



hverjum áratugnum sem leggst á herðar honum og þó hlutverkið sé hvorki stórt né tilþrifamikið, þá eru vinnubrögð þessa sjóaða leikara það örugg að hálfgerður byrjendabragur virðist vera á vonleysisauagnarósleik Nastassíu og samherptu sálarstríði John Savage.

—Sáf

Tónlist

## Lög Hjálmars H. gefin út á Ítalíu

Í Milánó hafa nú komið út á prenti Sex sönglög eftir Hjalmar H. Ragnarsson við ljóð Stefáns Harðar Grímssonar. Það er þekkt ítalskt nótnáútgáfufyrirtæki, Edizioni Suvini Zerboni, sem stendur að útgáfunni.

Þessi sönglög eru skrifuð fyrir söngródd, flautu, selló og píanó, og voru þau samin á árunum 1978 til 1979.

Í þessari útgáfu eru auk ljóðanna á íslensku birtar sönghæfar þýðingar á þeim á þýsku eftir Hubert Seelow. Ljóðin eru öll úr ljóðabókinni SVARTÁLFA-DANS frá 1951.